

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/516
komudagur 4.12.2002



Reykjavík, 3. desember 2002

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál.

1. Við afnám á verðleiðréttum skattskilum fyrirtækja var horfið frá skattlagningu á raunverðsafkomu yfir í skattlagningu á nafnverðsafkomu. Skattbyrði fyrirtækja ræðst því nú af verðbólgu að þessu leyti, en í því sambandi má benda á að launafólk hefur mátt þola að vera háð verðbólguástignu varðandi skattbyrði sína þar sem skattleysismörk hafa ekki hækkað í samræmi við verðlag. Í frumvarpinu er lagt til að komið sé til móts við fyrirtækin vegna niðurfellingar verðbólguleiðréttinga með því að hækka afskriftarhlutföll og heimila stíglækkandi afskriftir á lausafé þannig að fyrningar fyrstu árin verði meiri. Jafnframt er lagt til að nýta megi yfirfæranlegt tap tíu ára í stað átta. Þannig er fyrirtækjum gert kleift að lækka tekjuskattsstofn sinn á sama tíma og eignaskattstofn fyrirtækjanna lækkar. Samhliða afnámi verðleiðréttra skattskila var tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 30% í 18%. Í ljósi þess að tekjuskattur lögaðila, sem hlutfall af heildarskatttekjum ríkissjóðs, helmíngast frá 2000 til 2003 vill BSRB benda á uppsafnaða þörf, frá upptöku staðgreiðslunnar, fyrir leiðréttingu á skattbyrði launafólks vegna áhrifa verðlags.
2. Í frumvarpinu er einnig lagt til að persónuafsláttur vegna tekjuársins 2003 hækki um 0,4% umfram fyrri ákvörðun til samræmis við umsamdar almennar launahækkningar á árinu. BSRB styður þá tillögu og að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur um eitt ár. BSRB leggst hins vegar gegn því að sérstakur tekjuskattur lækki um 2%, fari úr 7% í 5%, og að skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar sé þannig lækkuð sérstaklega umfram annað launafólk.
3. BSRB gerir ekki athugasemdir við önnur atriði frumvarpsins.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Gunnar Gunnarsson', written over a horizontal line.

Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur.